

Aðalfundur Leiðsagnar 27042021 klukkan 19:00 (fjarfundur).

Fundin sátu fimm manna stjórn félagsins og átján félagsmenn, auk lögfræðings ASÍ.

Fundarefni:

1. Kosning fundarstjóra og annarra starfsmanna fundarins.
Formaður stakk upp á að Magnús M. Norðdahl yrði fundarstjóri og Friðrik Rafnsson yrði ritari. Samþykkt einróma. Fundarstjóri bar undir fundarmen hvort fundurinn hefði verið löglega boðaður. Samþykkt einróma.
2. Tillaga að bráðabirgðalagabreyting þess efnis að kjörskrá verði víkkuð og bæði notuð kjörskrá frá 2021 og 2020.
Í fundarboði var hún orðuð svo. „Við 6.gr. bætist við ný málsgrein eftir 2. mgr.:
Ákvæði til bráðabirgða og gildir aðeins fyrir árið 2021. Heimilt er að nota einnig kjörskrá frá síðasta aðalfundi Leiðsagnar (18.6.2020) til viðbótar núverandi kjörskrá.“

Ástæðan fyrir því að við gerum þetta svona er sú að nú hafa margir sem vinna að öllu jöfnu við leiðsögn ekki haft neinn möguleika á vinnu í þeim geira í ár og jafnvel lengur. Hafa þeir því fallið út af kjörskrá samkvæmt lögum félagsins (6.gr. fyrir þá sem hafa áhuga á að lesa sér til um þetta). Auðvitað vita allir af hverju næstum enginn er að vinna við leiðsögn á síðustu misserum, það er vegna heimsfaraldurs COVID19 og viðbragða stjórnvalda um allan heim til að reyna að takmarka útbreiðslu sjúkdómsins meðal annars með samkomutakmörkunum, ferðatakmarkunum og fleiri aðgerðum. Afleiðing af þessu öllu er næstum algjört hrun í alþjóðlegri ferðapjónustu og mjög lítil ferðavilji almennings, en jafnframt eru millilandaferðalög mjög erfið og stöðugum breytingum háð. Ástandið hefur verið illskárra í innanlandsferðapjónustu. Þetta þýðir það að leiðsögumenn sem að öllu jöfnu hefðu greitt til félagsins og verið fullgildir félagsmenn hafa ekki haft tækifæri til þess. Þess vegna viljum við víkka út kjörskrána og fá til baka þá sem voru að greiða til félagsins fyrir aðalfund á síðasta ári og voru á kjörskrá þá. Á síðasta fundi trúnaðarráðs kom fram mjög eindreginn vilji til að stækka kjörskrá með þessum hætti. Á kjörskrá núna eru um 300 manns, en voru yfir 500 á síðasta aðalfundi. Skilningur stjórnar Leiðsagnar er sá að fagdeildargjöld séu ekki félagsgjöld að Leiðsögn samkvæmt okkar eigin lögum og hefur lögfræðingur hjá ASÍ staðfest það, og því duga fagdeildargjöld ekki ein og sér til að fá félagsaðild.

Ef þessi breytingatillaga (sem gildir bara fyrir árið í ár - 2021) er samþykkt þá stækkar kjörskráin og fleiri verða á kjörskrá og því þurfum við að halda annan fund því tíma tekur að stækka kjörskrána. Og þá þarf líka tíma til að gera fólki kleift að gefa kost á sér til trúnaðarstarfa.

Þetta ástand - COVID19 - hefur dregið fram marga annmarka, bæði á starfsumhverfi og starfsöryggi leiðsögumanna sem og götöttu öryggisneti sameiginlegra sjóða og velferðarúrræða. Fyrst og fremst hafa þó stórir gallar á algengu, jafnvel algengasta, ráðningarformi leiðsögumanna komið í ljós. Hér er ég að ræða um verkefnaráðninguna eða ferðaráðninguna (stundum kallað lausráðning), en þar er starfsöryggið hverfandi og staða leiðsögumanna mjög veik. Einnig hafa komið fram gallar í lögum félagsins og allt þetta þarf að laga á næstu misserum og færa í sanngjarnara horf.“

Formaður gerði grein fyrir tillögunum og síðan opnaði fundarstjóri á umræðu um lagabreytingarnar. Almenn ánægja fundarmanna var með að leitað sé leiða til að víkka kjörskrána og kjörgengi með þessu móti við þessar fordæmalaus aðstæður. Nú uppfylla um það bil 300 skilyrði til setu á aðalfundi félagsins, voru um 500 í fyrra og verða það aftur á

framhaldsaðalfundi verði tillagan samþykkt. Fundarmenn samþykktu tillöguna samhljóða og var enginn á móti. Áætlað er að halda framhaldsaðalfund í lok maí eða byrjun júní ef aflétting samkomutakmarkana fer eftir núverandi áætlun stjórnvalda. Ein útfærslan á því væri að halda fundinn í stjórum sal með tvískiptum „hólfum“ sem tækju 50 manns hvort. Nánar verður tilkynnt um þetta atriði síðar.

3. Öllum öðrum dagskrárliðum frestað til auka-aðalfundar sem boðaður verður seinna.

Fundi slitið klukkan 20:00